

## 028/00 - M.b. Bylgjan VE-75

Bylgjan VE-75, skipverji slasast er hann fellur niður stiga þegar brotsjór ríður á skipinu

### M.b. Bylgjan VE-75

Skipaskr.nr.: 2025

Smíðaður: á Akureyri 1992 úr stáli

Stærð: 277,44 brl; 451,00 bt

Lengd: 36,63 m Breidd: 8,60 m Dýpt: 6,50 m

Vél: Yanmar 730,00 kW Ágerð: 1991

Annað:

Földi skipverja: 18



Bylgjan ©Þorgeir Baldursson

### Atvikalýsing

Í janúar 1998 var m.b. Bylgjan VE-75 á siglingu. Vakthafandi vélstjóri þurfti að fara á stjórnþall til viðræðna við vakthafandi skipstjörnarmann um að minnka álag á aðalvél vegna þess að afgashiti væri of hár. Þegar vélstjóri var á leiðinni upp stigann að stjórnþalli fann hann að gluggi var opinn á stjórnþallinum og talsverður dragsúgur. Er hann kom upp sá hann að bleyta var á kortaborði og stiga en skipstjörnarmaður var að loka glugganum. Vélstjóri gerði skipstjörnarmanni grein fyrir því að minnka þyrfti afl á aðalvél vegna þess að hiti á afgasi var of hár og var afl vélarinnar minnkað. Vélstjórinn hugðist þá fara niður stigann af stjórnþalli þegar brotsjór reið á stefni skipsins stb.-megin er leiddi til þess að hann missti hand- og fótfestu í stiganum og kastaðist aftur eftir og féll niður á þilfarið fyrir neðan. Tók það vélstjórann nokkra stund að jafna sig eftir fallið svo að hann kæmist af eigin rammleik aftur í borðsal til frekari hvíldar. Vakthafandi skipstjörnarmaður kom á stigaskórina til að huga að því hvað hefði gerst þegar skipverjinn féll en þeir voru aðeins tveir vakandi í skipinu á þessum tíma.

### Við rannsókn kom fram

- að ekki var bókað í dagbók skipsins um atvikið og vakthafandi stýrimaður sagðist ekki hafa haft hugmynd um að eitthvað hafi gerst fyrr en eftir að skýrslur voru gefnar hjá löggreglu í febrúar 2000 þegar talinn slasaður hafði samband við hann út af atviku;
- að hinn slasaði sagðist hafa ítrekað áréttuð við skipstjörnarmann um að bóka um atvikið í dagbók skipsins;
- að löggregluskyrslur vegna þessa atviks voru fyrst gerðar í febrúar 2000;
- að ekki hefur verið tilkynnt til Tryggingastofnunar ríkisins um atvikið í jan. 2001.

### Nefndarálit

Nefndin telur að koma megi í veg fyrir slys af þessum toga ef menn snúa sér að stiganum í stað þess að ætla sér að fara niður og snúa baki að þrepum.

### Tillögur í öryggisátt

Nefndin telur það varhugavert að fara um stiga í skipi með því að snúa baki í þrepum. Þarf þá að taka tillit til hvíluflatar fótar á stigaprepí og öryggi handfestu á handriði. Öryggi handfestar

á handriði þegar baki er snúið í þreppin og fara á niður stigann er stórlega skert miðað við að snúa að stiganum.

Nefndin vill benda skipstjórnarmönnum á ábyrgð þeirra á að skrá í dagbók skipsins samkvæmt gildandi lögum og reglum um færslu skipsbóka. Skrá skal atvik er verða og geta haft þýðingu fyrir ferð skips og öryggi þess eða manna sem á því eru. Vill nefndin vekja sérstaka athygli á skyldu skipstjórnarmanna að skila skýrslu til Tryggingastofnunar ríkisins um öll atvik er geta orðið bótaskyld, þ.e. öll slys eða atvik er verða og geta leitt til bótaskyldu.